

## FRÆDSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 09.01.2017 Í KIRKJUHVOLI Fundur nr. 148

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó). Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) boðaði forföll.

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

### Heilsuleikskólinn Kæríbær kl. 09:15.

Mættar auk nefndarmanna:

Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Karítas Heiðbrá Harðardóttir fulltrúi foreldra.

#### 1. Starfsmannamál.

Guðrún leikskólastjóri fer yfir starfsmannamál og ráðningar. Það sem ljóst er á fundinum er að fullskipað er í stöður eins og er í leikskólanum. Komnar eru tíu umsóknir fyrir börn inn í leikskólann en fimm hverfa á braut í vor.

#### 2. Starfsáætlun.

Fyrir fundinum liggur starfsáætlun fyrir 2016 – 2017. Guðrún leikskólastjóri fer yfir áætlunina með nefndarmönnum. Fræðslunefnd samþykkir starfsáætlunina fyrir sitt leyti.

#### 3. Önnur mál.

- Lögð fram verkefnaáætlun til kynningar og hún rædd.
- Ýmis smáverkefni rædd vítt og breitt, s.s. heimasíða skólans.
- Gátlisti frá regnhlífsamtökum heilsuleikskóla lagður fram til kynningar. Gátlistinn er nýjung, til að fylgja eftir þeim kröfum sem gerðar eru til heilsuleikskóla.
- Guðrún segir frá fundum sem hún hefur farið á. Skólaskrifstofan, í samvinnu við leikskóla, ætlar að halda námskeið fyrir foreldra barna í leikskólum. Guðrún sækir fundi vegna þessa.
- Sagt frá viðhaldsvinnu í leikskólanum.
- Ágóði á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps rann að þessu sinni til Heilsuleikskólans Kærabæjar. Fræðslunefnd vill þakka fyrir þann góða hug sem menningarmálanefnd sýndi skólanum.
- Rætt um þjónustu skólaskrifstofu við leikskólann. Almenn ánægja með störf leikskólaráðgjafa.

### Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 10:15

Mættir auk nefndarmanna:

Kjartan Hjalti Kjartansson skólastjóri, Linda Agnarsdóttir fulltrúi kennara og Lars Hansen fulltrúi foreldra. Lars er sérstaklega boðinn velkominn, þar sem þetta er hans fyrsti fundur.

#### 1. Þarfagreining skólahúsnæðis.

Þarfagreining, ásamt kostnaðaráætlun lögð fram og rædd. Fræðslunefnd fagnar framkominni þarfagreiningu og leggur með henni áherslu á framtíðarsýn í fræðslumálum, í sem viðtækasta samráði við íbúa sveitafélagsins.

## 2. Málafni grunnskólans.

- a) Skólastjóri segir frá því að starfsáætlun skólans sé því sem næst tilbúin.
- b) Viðhald. Verið er að vinna í að fá iðnaðarmenn til að gera lagfæringar á salernum skólans.
- c) Starfsemi framundan. Skólastjóri segir frá ferðum nemenda, í samvinnu við félagsmiðstöð. Einnig sagt frá því að talmeinafræðingur skólaskrifstofu hafi sagt upp störfum.
- d) Rætt um þjónustu við fjarkennslunemendur.
- e) Menntastefna. Verður kynnt fyrir íbúum þann 16. janúar næstkomandi.
- f) Skólastjóri sagði frá niðurstöðu í kjölfar erindis til nefndarinnar, dagsett 6. október 2016. Erindið varðaði seinni hressingu í Kirkjubæjarkóla. Erindið var tekið fyrir á fræðslunefndarfundi þann 2. nóvember 2016.

## Tónlistarskólinn kl. 11:20

Mættur auk nefndarmanna: Einar Melax, skólastjóri tónlistarskóla.


### 1. Málafni tónlistarskólans


- a) Einar segir frá því að 22 nemendur séu í skólanum, langflestir í hálfu námi. Nú sé verið að vinna að skipulagningu á kennslu á vorönn, s.s. breytingar hjá nemendum skólans, auk nýrra nemenda. Þar sem mikið er um hálf námi, er það algengt að tímar falli niður, vegna veikinda nemenda og uppbrots í skóla, og líður þá allt of langur tími milli kennslutíma. Til að mæta þessu hefur Einar reynt að ná nemendum inn annan hvern mánudag. Vorönn tónlistarskólans byrjar í þessari viku.
- b) Píanókaup. Fjármagn var samþykkt í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til píanókaupa til móts við gjafaframlag. Einar er að vinna í að finna nýtt píanó.
- c) Húsnæði tónlistarskólans. Aðstaða skólans rædd.
- d) Jólatónleikar voru haldnir samkvæmt venju. Mikil ánægja var með jólatónleikana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Fundargerð er tölvuskráð og er 2 blaðsíður (bls. 1 – 2). Frá og með fyrsta fundi nefndarinnar á árinu 2017, verður númeraröð á tölvuskráðum fundargerðum.

Fundarritari: Þorsteinn M. Kristinsson

  
Auðbjörg B. Bjarnadóttir

  
Sverrir Gíslason

  
Þorsteinn M. Kristinsson

Ragnheiður Símonardóttir

  
Ragnheiður Hlín Símonardóttir